

GERUM REYKJAVÍK ENN BETRI!

ÍBÚAFUNDUR BORGARSTJÓRA UM BETRI HVERFI

ÁRBÆR, SELÁS OG NORÐLINGAHOLT

Árbæjarskóla 16. janúar 2013 kl. 17:00

Fundarstjóri Hulda Steingrímsdóttir

Fundarpunkta ritaði Árni Geirsson

Fundarstjóri fór yfir markmið fundarins: Þátttakendum boðið að spyrja borgarstjóra og embættismenn um allt milli himins og jarðar og síðan að eiga samtal við starfsmenn Reykjavíkurborgar. Í síðari hluta fundarins var síðan hugmyndum safnað saman sem kosið verður um í mars.

Fundarstjóri fór síðan yfir dagskrá og fyrirkomulag fundarins. Sviðsstjórar og borgarstjóri kynntu sig.

Fundarstjóri vakti athygli á vefnum Betri hverfi á samráðsvefnum Betri Reykjavík þar sem tekið er við hugmyndum til 15. febrúar. Hann greindi einnig frá því að hugmyndir sem fram kæmu á fundinum yrðu settar inn á vefinn Betri hverfi í nafni íbúafundarins.

Erindi Jóns Gnarr borgarstjóra

Borgarstjóri bauð íbúa velkomna. Áhersla á hverfakvóta, skipting fjár milli hverfa í kosningum. Reynt í fyrsta sinn í fyrra. Alls 300 milljónir til ráðstöfunar í fyrra og tiltók að sömu fjárhæð yrði varið í hverfapotta í ár.

Helstu málefni í hverfinu: Nálægð við náttúru, margar gönguleiðir, Göngu- og hjólaleiðir alls 35 km án gangstétta, 64 bekkir, 93 ruslastampar. 11 þús. íbúar, tiltölulega mörg börn og tiltölulega lágt hlutfall eldri borgara. Fylgst er með brottfalli úr skóla í þjónustumiðstöð hverfisins. Ný leikskólabýgging er risin. Í hverfinu eru fjórir grunnskólar, Norðlingaskóli er fullbúinn, unnið að frágangi skólalóðar þar, en því verki yrði lokið næsta sumar og yrði þar til ein glæsilegasta skólalóð borgarinnar. Sameiginlegt vinnusvæði er fyrir nemendur í útinámi. Í frístundaheimili er m.a. áhersla á samvinnu og reynslunám. Vaxandi

áhugi er á umhverfisvernd. Í hverfinu eru sjö endurvinnslu gámar og verið er að innleiða bláar tunnur fyrir pappír.

Helstu framkvæmdir í hverfinu á næstunni: Ný göngubrú yfir Breiðholtsbraut tengir Norðlingaholt og Selás, geymslubygging reist fyrir Árbæjarsafn, ræktun víða í hverfinu.

Fundur hefur verið haldinn í hverfinu um nýtt aðalskipulag. Áherslur aðalskipulags: öll þjónusta sé í hverfunum, kaupmaðurinn á horninu komi aftur í hverfið, óverulegar breytingar eru gerðar frá gildandi aðalskipulagi í hverfinu. Hins vegar er markmið að fjölga byggingum á jaðri hverfisins. Í aðalskipulaginu er tillaga um þéttingu byggðar við Rafstöðvarveg og víðar, íbúðir séu á efri hæðum í þjónustukjörmum. Skýrari stefna er sett um opin svæði. Verslunar- og þjónustulóðir eru festar í sessi og mörkuð stefna um þjónustu kjarna.

Hverfapottar: Íbúar í öllum hverfum sendu inn hugmyndir. Rafrænar kosningar með auðkennislyklum voru haldnar í fyrsta sinn í Reykjavík. Kjörsókn var 8,1 % og kosningin var bindandi.

Meðal verkefna sem valin voru í Árbæjarhverfi: Bætt lýsing, útivistarmöguleikar, o.s.frv. Búið er að framkvæma margt af því sem kosið var um t.d. að setja upp bekki, leggja stíga, setja upp áningarstaði, mörk endurbætt, tyft, bætt lýsing og hellulögn. Tré gróðursett, merkingar bættar. Kostnaður nam alls 27 millj. Nú er aftur er kallað eftir hugmyndum íbúa og er sama upphæð til ráðstöfunar.

Einhverjum kann að þykja að 300 milljónir séu etv. ekki mikið en það er þó hæst í heimi í sambærilegum verkefni miðað við höfðatölu.

Það er framtíð í beinu lýðræði og mikilvægt að íbúar hafi áhrif með þátttöku í kosningum og leggi fram hugmyndir. Íbúar þekkja hverfið sitt best. Kostnaður við verkefnin er mjög misjafn.

Fyrirspurnir:

Formaður blakdeildar Fylkis: Sagðist hafa reynt í sex ár að fá strandblakvöll en það er mjög vinsæl íþrótt sem bjóða ætti í þessu flotta hverfi. Peningum var lofað en völlurinn hefur enn ekki orðið að veruleika. Hver er staðan varðandi það mál núna? Göngufólk á stígum borgarinnar vantar salernisaðstöðu, en nóg

af vatni til að drekka. Hver er stefna ÍTR varðandi styrki fyrir aðra en þátttakendur í barna- og unglingastarfi?

Olga: Vildi að skólalóð Árbæjarskóla væri bætt og hirt almennilega. Hefur verið 10 ár með barn í skólanum og á þeim tíma næstum ekkert gert, það þarf að viðhalda t.d. gróðri. Oft er hreinsað við aðalgötur en ekki það sem er á bak við. Bæta þarf almenna umhirðu í hverfinu.

Theodór Óskarsson: Hefur búið í hverfinu lengi og margt gengið á, bæði gott og slæmt. Óþarflega margar hraðahindranir í Rofabæ. Þau hjónin ganga mikið í Elliðaárdalnum en þar er of lítið sandað í hálku og hættulegt.

Guðbrandur steinþórsson, Brautarási: Í grenndinni eru fjórar raðhúsgötur, á milli þeirra göngustígar og öspum plantað meðfram. Þeim hefur verið fækkað en eru til truflunar, skyggja á og loka fyrir sólu. Aspir eru þekktar fyrir að rætur þeirra fara víða. Hafa valdið einum húseiganda verulegum óþægindum og kostnaði. Stendur til að aspirnar verði þarna áfram eða fjarlægðar?

Jón Óli Sigurðsson: Býr í Norðlingaholti, margt gott þar en illgresi og njóli fá njóta sín. Á göngu- og hjólastígum veldur sandur hættu að sumri, stígar eru farnir að brotna, eru ósléttir og þarfnast viðhalds. Knattspymu deild Fylkis hefur fengið fé til byggingar stúku sem áætlað er að kosti 160 milljónir en hvers vegna var þá bara 90 milljónum veitt til byggingarinnar? Eiga íbúar að fjármagna mismuninn? Önnur íþróttafélög fá full fjármagnaðar stúkur. Af hverju er ekki unnið við æfingarsvæði á Brennuhóli?

Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ÍTR svarar: Fylkir og stúkumálið hefur verið lengi til umfjöllunar. Samkomulag er um hvernig staðið skuli að framkvæmdum. Leitað hefur verið tilboða og samið við verktaka. Því kemur á óvart að um 160 milljón króna kostnað sé að ræða.

Styrkir til annarra en barna- og unglingastarfs: Borgin leigir sali til niðurgreiddrar endurútleigu til íþróttafélaga sem nýtast einnig eldri iðkendum. Blak hefur lengi verið til umfjöllunar, þ.m.t. strandblaksvöllur, nokkrar hugmyndir hafa komið fram um staðsetningu en talið best að hafa völlinn við Árbæjarlaug. Þar þarf þó að huga að ýmsu, t.d. girðingum og sátt við íbúa í grenndinni. Völlurinn er ekki á fjárhagsáætlun ársins og málið því ekki endanlega leyst.

Ólöf Örvarsdóttir svarar: Salerni við göngustíga eru fín ábending sem setja ætti á vefinn og fá kosningu. Ný skýrsla liggur fyrir um ástand skólalóða ,

niðurstaðan er að í Árbæjarskóla er ástandið ekki verra en gengur og gerist en ýmsar lagfæringar eru tímabærar og hafa verið settar á dagskrá. Góð ábending varðandi sand á stíga, alltaf hægt að gera betur og vera meira vakandi. Reynt að sanda úti um allt. Best að garðyrkjustjóri svari um aspirnar. Þær valda vanda víða en var plantað í góðum tilgangi. Brennuhóll kallar á breytingu á skipulagi, andstaða hefur komið fram og málið þarf að skoða betur, mikill landhalli er á staðnum og bolti getur rúllað langt. Fjarlægð frá hverfinu og heimilum barna er líka galli, skoða ætti aðra staði.

Runólfur Þorláksson, Silungakvísli: Á göngustígum vantar sums staðar lýsingu, einkum þar sem komið er út fyrir hverfið, t.d. niðri í dalnum. Áður var leikvöllur milli Silungakvíslar og og Seiðakvíslar en leiktæki þar voru fjarlægð. Eftir eru tvær rólur í slæmu ástandi. Íbúar þyrftu að geta flutt í nýja íbúð innan hverfis þegar þeir eldast. Þétting byggðar á kantinum gæti boðið upp á slíkt.

Ólafur: Íbúasamtök hafa hafa látið til sín taka varðandi skólalóðina. Norðlingaskóli er glæsilegur en hér við Árbæjarskóla þarf að endurnýja skólalóð. Við leit á netinu fannst úttektarskýrsla en engin svör hafa fengist frá borginni, fyrr en í morgun. Margir aðrir skólar fengu betri einkunn fyrir skólalóðir. Í hverju felst viðhaldið sem fyrirhugað er? Af hverju fá aðrir meira viðhald?

Halldór Páll Gíslason, formaður hollvinasamtaka Elliðaárdals: Göngu- og hjólastígar eru farnir að láta á sjá, víða er gróður farinn að teygja sig inn á stígana. Það sárvantar framhald úr Fossvogsdal hingað uppeftir; sprenging hefur orðið í hjólamenningu í dalnum og stígarnir mjóir. Þar eru hundaeigendur, hlauparar og hjóltreidamenn á mjóum stígum og slys yfirvofandi. Taldi 400 hjól einn morguninn. Tengingu vantar frá Fossvogi yfir Elliðaárdal við Rafstöðina niður að Sævarhöfða.

Egill: Er íbúi í Norðlingaholti og þar er stríð út af bílastæðum. Meðan stefna borgarinnar er að þrengja að bílum en í okkar götu er auðvelt að halda fermingarveislu og koma fjölmörgum bílum fyrir. Þó er gert ráð fyrir gestabílastæðum inni á lóðum, sem íbúar vilja losna við. Fyrirspurn til borgarinnar var vísað frá en afgreiðslan kærð til úrskurðarnefndar. Borgin krafðist frávísunar. Nú þarf að taka ákvörðun og rétt að borgarstjóri tali við skipulagstjóra til að leysa málið, það á ekki að taka langan tíma.

NN: Illgresi er víða og öflug lúpína sem spyrna þarf við. Mannbroddar og gormar eru gagnlegir á göngustígum. Íbúar austast í Árbæjarhverfi finna fyrir loftmengun frá virkjunum OR, hvaða áform eru um úrbætur?

Ólöf Örvarsdóttir: Biðst afsökunar á seint fram komnum gögnum, miklar annir, á ekki að gerast. Á skólalóð Árbæjarskóla eru í undirbúningi framkvæmdir en ekki viðhald, þ.e. ekki bara málning. Fyrirhugaðar eru endurbætur á stígum, breikkun á hjólastígum. Þessar framkvæmdir eru mikilvægar því það á að vera rúmt á stígum enda hefur gengið vonum framur að fá fólk til að hjóla. Ný brú yfir Elliðaárósa mun dreifa álagi og frekari umbætur eru í skoðun. Búðavað var tekið fyrir í morgun. Fara þarf eftir stjórnsýslulögum og bílastæði voru ekki að fullu í samræmi við skipulag. Ábendingar um bættu lýsingu eiga heima á Betri Reykjavík, líka leiktækin við Silungakvísl. Eitt markmiðum með þéttingu byggðar er að auðvelda íbúum að flytja innan hverfis.

Fundarstjóri sleit fyrirspurnatíma og vakti athygli á því að koma mætti frekari fyrirspurnum til skila á netfangið **betrireykjavik@ibuar.is**

Jón Gnarr svaraði einnig fyrirspurnum eftir punktum sem hann hafði tekið niður: Góð hugmynd með strandblakvelli, höfum áhuga en veit ekki um stöðu. Útíklósett eru reglulega til umræðu og skoðunar. Skólum í borginni er ekki mismunað og leitast við að halda lóðum eins góðum og hægt er, gjarnan bornir saman skólar innan og milli sveitarfélaga en reynt að bregðast við. Vilji er til að hlusta á og meta þörf en niðurskurður hefur verið mikill. Umhirða felst líka í umgengni, það er samvinnuverkefni íbúa og borgaryfirvalda, getum ekki aukið umhirðu ef umgengni er ekki samsvarandi. Hef heyrt af hraðahindrunum áður og munum skoða. Fagna umræðu um aspir við Brautarás. Þetta eru mjög kraftmikil tré og nauðsynlegt að endurskoða staðsetningu þeirra. Þær eiga betur heima í skógi þar sem þær geta vaxið. Höfum staðið frammi fyrir viðkvæmum og mikilvægum samningum við Íþróttafélög um framkvæmdir, hjá Fylki er komin niðurstaða í samningi sem verður undirritaður á föstudag. Vissi ekki annað en að um málið væri góð sátt. Lýsing á göngustígum hefur verið bætt og því verður haldið áfram. Ekki fráleitt að starfsfólk Landspítala fari hjólandi til vinnu. Aukinn þungi er á hjólastígum sem eru göngustígar líka og tryggja þarf öryggi gangandi vegfarenda. Hjól eru orðin mjög kraftmikil, t.d. rafmagnshjól. Allir þurfa að geta notað stígana án hættu. Lúpína er alltaf til skoðunar bæði hjá ríki og borg, mjög umdeild jurt, ýmist talin ágeng eða falleg og hefur kosti og galla.

Mengun frá virkjunum er í skoðun hjá OR og stjórn hennar. Verið er að kaupa dýran hreinsunarbúnað og bæta tæknilausnir smám saman, ef rétt er munað.

Hilmar Magnússon segir frá Betri Reykjavík, www.betrireykjavik.is:

Kynnti vef verkefnisins. Hvernig sett er inn hugmynd, valið hverfi, hægt að skoða t.d. skiptingu fjár milli hverfanna, hvað hugmyndir mega kosta, tímasetningar og fleira. Sýndi hvernig menn skrá sig og skoða má notkunarskilmála. Fram kemur hvaða eiginleika nýjar hugmyndir þurfa að hafa. Hugmyndir eru flokkaðar, fá titil og síðan er slegin inn útskýring. Mikilvægt er að setja hugmyndina skýrt fram svo aðrir skilji og hægt sé að meta kostnað. Beðið er um rökstuðning. Aðrir notendur geta bætt við rökstuðningi og svæði er fyrir umræðu. Opið er til 15. febrúar fyrir nýjar hugmyndir. Þrír íbúar verða í verkefnishópi sem fær það verkefni að móta hugmyndir frekar í samvinnu við starfsmenn borgarinnar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því hvernig þátttakendur gætu mótað hugmyndir áfram með borgarstarfsmönnum eða átt við þá samtal.

Fundi slitið kl 18:40

Fulltrúar íbúa sem munu fylgja hugmyndum hverfisins eftir voru kosnir á fundinum. Þeir eru:

Hildur Mósedóttir

Hrund Sverrisdóttir

Halldór Björnsson

Varamaður er Hermann Fannar Gíslason